

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 21. október 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-95/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 12. desember 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meints galla í bifreið af gerðinni Y, hér eftir seljandi, hefur umboð fyrir hér á landi. Álitsbeiðandi segir að bifreiðin hafi verið haldin galla frá upphafi sem seljanda hafi borið að upplýsa hann sérstaklega um. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi kaupi bifreiðina af honum.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 12. desember 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust andsvörin 28. desember 2018. Andsvör seljanda voru send álitsbeiðanda 2. janúar 2019 og honum veittur kostur á að koma athugasemdum á framfæri vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bærust athugasemdirnar 14. janúar 2019. Seljanda voru sendar athugasemdirnar þann 15. janúar 2019 og honum veitt heimild til að senda inn frekari andsvör. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust frekari andsvör seljanda 21. janúar 2019. Neftndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 15. október 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup á bifreið af gerðinni Z, árgerð 2006, þann 23. september 2016 af fyrirtækinu Þ, fyrir 1.900.000 krónur. Bifreiðinni hafði verið ekið 194.000 km. við kaupun. Í álitsbeiðni kemur fram að seljandi hefur, fyrir hönd framleiðanda, tekið bifreiðar af gerðinni Z, í skoðun vegna mögulegs galla í grind þeirra. Þá hefur seljandi að sögn álitsbeiðanda í sumum tilvikum keypt bifreiðar af eigendum þeirra á verði sem er undir markaðsvirði og fargað bifreiðunum.

Álitsbeiðandi fór með bifreiðina til seljanda í grindarskoðun þann 10. júlí 2017. Eftir þá skoðun var álitsbeiðanda sagt að grind bifreiðarinnar væri í lagi. Í gögnum verkstæðisins segir orðrétt: „the frame is not broken, looks fine, needs to check if the warranty is still valid“. Þá kemur þar fram að áður hafi verið gert við grindina með suðu. Sú viðgerð fór fram áður en álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni og var hún framkvæmd vegna athugasemdar frá skoðunaraðila um styrkleikamissi. Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við seljanda í kjölfarið og óskað upplýsinga um ástand grinda í bifreiðum af þessari tegund. Fékk álitsbeiðandi þau svör samkvæmt álitsbeiðni að seljandi hefði aldrei heyrt af veseni vegna ryðs í grindum slíkra bifreiða.

Í janúar árið 2018 var bifreiðin orðin 12 ára. Í september það ár fór álitsbeiðandi aftur með bifreiðina í almenna skoðun. Var þar gerð athugasemd við styrk bifreiðarinnar þar sem spyrna var farin að veikjast vinstra megin að framan. Bifreiðin var í kjölfarið send á viðurkennt verkstæði til viðgerðar. Við nánari skoðun á verkstæðinu kom hins vegar í ljós að ástand grindarinnar var verulega slæmt. Í athugasemdum verkstæðisins kemur fram að

bifvélavirki hafi rifið hjólabúnaðinn af bifreiðinni að aftan og þá hafi komið í ljós að þverbíti að aftan og grind voru ónýt úr ryði. Álitsbeiðandi var kallaður á svæðið og honum sýndar skemmdirnar. Var í kjölfarið ákveðið að hætta við viðgerðina en álitsbeiðandi greiddi samkvæmt reikningi, dags. 4. október 2018, samtals 33.728 krónur fyrir vinnuna. Var ekki talið svara kostnaði að láta gera við bifreiðina þrátt fyrir að aðeins væru 15 mánuðir liðnir frá grindarskoðun seljanda.

Álitsbeiðandi hafði í kjölfarið samband við seljanda og óskaði eftir því að komið væri til móts við það tjón sem álitsbeiðandi hafði orðið fyrir. Í svari frá ábyrgðarstjóra seljanda í tölvupósti, dags. 19. nóvember 2018, segir m.a. að þegar athugasemdir voru gerðar varðandi styrkleikamissi í árlegu bifreiðæftirliti þann 14. september 2016 hefði verið eðlilegast að leita strax á þeim tímapunkti til umboðsaðila til að framvísa sönnunargögnum til framleiðanda. Eftir að búið var að gera við grindina hafi ástand grindarinnar verið talið í lagi í skoðun seljanda þann 19. júlí 2017. Þar sem bifreiðin var orðin 12 ára árið 2018 kvaðst seljandi ekki geta keypt bifreiðina af álitsbeiðanda sökum þess að framleiðandi dragi mörkin við þann aldur. Var álitsbeiðanda bent á að leita til tiltekens verkstæðis sem hefur unnið við lagfæringar á grindum bifreiða. Að auki var álitsbeiðanda boðinn 12% afsláttur af kaupverði við kaup á nýrri eða notaðri bifreið frá seljanda.

Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi gert mistök og ekki sinnt eftirliti sínu nógu vel, til að mynda hafi ekki verið gerð athugasemd við grind bifreiðarinnar þrátt fyrir að viðgerð hafi farið fram á grindinni ári áður. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi kaupi bifreiðina af sér á verði sambærilegu því sem aðrar bifreiðar sömu tegundar hafi verið keyptar á.

#### IV

#### Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum segir seljandi að honum hafi verið tilkynnt af framleiðanda Z bifreiða þann 23. október 2017 að borið hafi á styrkleikamissi vegna tæringar í Ö bifreiðum, sem framleiddar voru árin 2005 til 2012. Voru bifreiðar af þessari gerð, yngri en 12 ára, innkallaðar fyrir hönd framleiðanda í löndum þar sem umhverfi veldur sérlega mikilli tæringu, m.a. hér á landi. Þjónustuinnköllunin var birt á vef Neytendastofu 19. desember 2017. Seljandi bendir á að hann hafi ekki heimild til að hefja einhliða innköllunarferli heldur er það í höndum framleiðanda.

Seljandi bendir á að þó styrkleikamissir hafi einnig greinst í Z bifreiðum frá svipuðu tímabili nái framangreind þjónustuinnköllun einungis til Ö bifreiða en ekki Z. Þrátt fyrir að undirvagn Ö og Z bifreiða sé svipaður þá sýna rannsóknir framleiðanda fram á að undirvagn Z bifreiða sé almennt í betra ástandi en Ö. Ástæða þess er m.a. sú að sögn seljanda að „líkami“ Z bifreiða er festur í heild sinni við grindina og notkunarmynstur ökumanna er ólíkt. Seljandi tekur fram að samkvæmt rannsóknnum verði ökumenn varir við tæringu í undirvagni „löngu áður en bifreiðin getur talist hættuleg.“

Hefðbundnir ábyrgðarskilmálar Z í Evrópu gilda um ábyrgð á undirvagni bifreiða af gerðinni Z. Skilmálarnir leggja að sögn seljanda víðtækari ábyrgð á framleiðanda heldur en leiðir af ákvæðum laga um neytendakaup nr. 48/2003. Seljandi, viðurkenndur söluaðili og þjónustuaðili bifreiðanna, gerir við eða skiptir endurgjaldslaust um þá íhluti eða þætti sem fjallað er um í ábyrgðarskilmálum ef um galla er að ræða. Þó aðeins innan þeirra tímamarka eða kílómetrafjölda sem tilgreindir eru í skilmálunum. Íhlutir sem eru ekki í ábyrgð eru einnig sérstaklega skilgreindir í skilmálunum. Hin almenna ábyrgð gildir í þrjú ár frá fyrsta skráningardegi eða að 100.000 km akstri. Þá gilda sérstakir skilmálar í Evrópu á íhlutum vegna gegnumryðs samkvæmt ákvæði 1.3. í ábyrgðarskilmálunum. Er ábyrgð á „gegnumryði fyrir málmplötuþil í yfirbyggingu sem ryðga í gegn innanfrá vegna framleiðslu- eða efnisgalla“ annað hvort 6 eða 12 ár, sem ræðst af gerð ökutækis, óháð eignum km. Gildistími ábyrgðar vegna gegnumryðs fyrir Nissan Pathfinder bifreiðar er 12 ár samkvæmt

framangreindu ákvæði. Ákvæðið takmarkast þó við gegnumryð í yfirbyggingu bifreiðarinnar en ekki undirvagni. Seljandi hefur þrátt fyrir þá takmörkun boðið eigendum Z bifreiða, yngri en 12 ára, að láta meta undirgrindina. Ef grindin er talin skemmd eða illa farin hefur verið boðið upp á endurkaup frá framleiðanda. Hefur framleiðandi tekið þátt í þeim kostnaði þrátt fyrir að ábyrgðarskilmálarnir mæli ekki fyrir um slíka ábyrgð.

Seljandi tekur fram að bifreið álitsbeiðanda hafi fengið endurskoðun í árlegri skoðun vegna styrkleikamissis 14. september 2016. Í kjölfarið var gert við grind bifreiðarinnar án samráðs við seljanda. Bifreiðin fékk svo í kjölfarið fulla skoðun 22. september 2016. Viðgerðin hefur því verið metin fullnægjandi að mati seljanda. Þann 10. júlí 2017 stóðst bifreið álitsbeiðanda svo sérstaka grindarskoðun hjá seljanda. Tveimur vikum síðar fékk bifreiðin fulla skoðun í árlegri skoðun sem seljandi telur staðfesta að niðurstaða grindarskoðunarinnar hafi verið rétt. Tæplega 15 mánuðum síðar, þann 4. október 2018, féll bifreiðin svo í grindarskoðun. Seljandi segir ekkert styðja þá fullyrðingu álitsbeiðanda að mistök hafi verið gerð af hálfu seljanda við grindarskoðun 10. júlí 2017. Seljandi hafnar því í samræmi við framangreint að hann beri ábyrgð á tjóni álitsbeiðanda.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Álitsbeiðandi bendir á það í athugasemdum sínum að seljandi hafi tekið Z bifreiðar til skoðunar með tilliti til mögulegrar tæringar í grind bifreiða þrátt fyrir að innköllunin nái aðeins til Ö bifreiða. Þá liggi fyrir að seljandi hafi keypt bifreiðar af eigendum þeirra ef grind þeirra er talin ónýtt og framleiðandi hefur greitt fyrir þau kaup.

Álitsbeiðandi segir að áður en hann festi kaup á bifreiðinni hafi hann fengið þær upplýsingar að bifreiðin hafi þurft að fara í endurskoðun vegna styrkleikamissis í grind. Á þeim tíma hafði álitsbeiðandi samband við starfsmann seljanda sem hafi fullvissað hann um að ekkert sé vitað um almennan styrkleikamissi í grind þessara bifreiða. Þegar álitsbeiðandi hafði fengið þær upplýsingar lét fyrri eigandi bifreiðarinnar gera við grind bifreiðarinnar og festi álitsbeiðandi svo kaup á henni þegar hún hafði fengið fulla skoðun eftir viðgerðina.

Í júlí árið 2017 var framkvæmd grindarskoðun hjá seljanda og telur álitsbeiðandi að vitneskja um algengi styrkleikamissis í grind Z bifreiða hafi verið til staðar á þeim tíma. Telur álitsbeiðandi að seljandi hafi gert mistök við skoðunina þegar hann komst að þeirri niðurstöðu að grindin væri í lagi. Í almennri bifreiðaskoðun líkt og þeirri sem bifreiðin fer í árlega er ekki framkvæmd skoðun á bifreiðum með sérstakri hliðsjón af styrkleika í grind þeirra líkt og í grindarskoðun seljanda. Bendir álitsbeiðandi á að bifreiðin fékk einnig skoðun í árlegri skoðun haustið 2018 án þess að athugasemd hafi sérstaklega verið gerð við grind bifreiðarinnar. Athugasemdin varðaði aðeins styrkleika í spyrnum. Við nánari skoðun á verkstæði kom hins vegar í ljós að grindin væri ónýtt, aðeins 15 mánuðum eftir sérstaka grindarskoðun seljanda. Bendir álitsbeiðandi á að grind bifreiða skemmist ekki með þessum hætti á aðeins rúmlega einu ári.

## VI

### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum sínum segir seljandi að hann mótmæli því ekki að hann hafi beitt sér fyrir því að framleiðandi endurkaupi bifreiðar af gerðinni Z, þegar styrkleikamissir í grind liggur fyrir, að því gefnu að þær séu undir 12 ára gamlar. Seljandi hafnar því hins vegar alfarið að mistök hafi verið gerð við skoðun á grind bifreiðarinnar í júlí 2017.

## VII

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila verður tekinn til skoðunar af hálfu kærunefndarinnar á grundvelli laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreið af gerðinni Nissan Pathfinder, árgerð 2006, þann 23. september 2016, af félaginu Þ, fyrir 1.900.000 krónur. Seljandi hefur umboð fyrir Z bifreiðar hér á landi og sér meðal annars um tilkynningar frá framleiðanda og innkallanir vegna galla. Tæring í grindum bifreiða af gerðinni Z, árgerðir 2005 til 2012, virðist að nokkru leyti þekkt vandamál sem seljanda var kunnugt um. Seljandi gaf þó ekki út tilkynningu vegna mögulegrar tæringar í grindum þeirra bifreiða og bifreiðar af þeirri gerð voru ekki innkallaðar. Var aðeins gefin út innköllun vegna bifreiða af gerðinni Ö.

Þegar meintur galli í grind bifreiðarinnar kom í ljós 4. október 2018 voru rúmlega 12 og hálf tveggja ára frá því bifreiðin var seld ný og um tvö ár frá því álitsbeiðandi festi kaup á henni. Kærunefndin álitur að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við í málinu, en í ákvæðinu er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir:

*„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“*

Þegar álitsbeiðandi kvartaði undan galla í bifreiðinni við seljanda voru liðin rúmlega 12 og hálf tveggja ára frá því að bifreiðin var upphaflega seld. Kvörtunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 var því liðinn þegar tæring í grind bifreiðarinnar kom í ljós. Getur nefndin því ekki annað en hafnað kröfu álitsbeiðanda á grundvelli framangreindra laga.

## VIII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson